

# Knattspyrnusamband Íslands



**2009**

**64. ársþing KSÍ  
Skýrslur nefnda**

## ***Efnisyfirlit***

<b>Stjórn og nefndir KSÍ</b>	<b>2</b>
<b>Skýrsla landsliðsnefndar karla</b>	<b>4</b>
<b>Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla</b>	<b>5</b>
<b>Skýrsla unglinganefndar karla</b>	<b>6</b>
<b>Skýrsla landsliðsnefndar kvenna</b>	<b>8</b>
<b>Skýrsla unglinganefndar kvenna</b>	<b>10</b>
<b>Skýrsla mótanefndar</b>	<b>22</b>
<b>Skýrsla dómarnefndar</b>	<b>30</b>
<b>Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar</b>	<b>36</b>
<b>Skýrsla háttvísinefndar</b>	<b>38</b>
<b>Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar</b>	<b>39</b>
<b>Skýrsla fræðslunefndar</b>	<b>41</b>
<b>Skýrsla útbreiðslunefndar</b>	<b>44</b>
<b>Skýrsla mannvirkjanefndar</b>	<b>48</b>
<b>Heiðursviðurkenningar</b>	<b>49</b>
<b>Kærur og úrskurðir</b>	<b>50</b>

## Stjórn og nefndir KSÍ

### Stjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Gylfi Þór Orrason	Varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	Gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	Ritari

Róbert B. Agnarsson  
Rúnar Arnarson  
Ingibjörg Hinriksdóttir  
Lúðvík S. Georgsson  
Vignir Már Þormóðsson

### Varastjórn

Jóhannes Ólafsson  
Þórarinn Gunnarsson  
Sigvaldi Einarsson

### Landshlutafulltrúar

Árni Ólason	Austurland
Björn Friðbjófsson	Norðurland
Einar Friðbjófsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland

### Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Gylfi Þór Orrason	
Jón Gunnlaugsson	
Lúðvík S. Georgsson	

### Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Ómar Einarsson	
Reynir Ragnarsson	
Þórir Hákonarson	

### Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason	Formaður
Ari Þórðarson	
Egill Már Markússon	
Eyjólfur Ólafsson	
Guðmundur Heiðar Jónsson	
Ingi Jónsson	
Kári Gunnlaugsson	
Þjetur Sigurðsson	
Þórarinn Gunnarsson	

### Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Þórir Hákonarson	

### Fræðslunefnd

Ingibjörg Hinriksdóttir	Formaður
Guðni Kjartansson	
Róbert B. Agnarsson	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Örn Ólafsson	

### Laga- og leikreglnanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Guðmundur H. Pétursson	
Þórarinn Gunnarsson	

### Landsliðsnefnd karla

Jón Gunnlaugsson	Formaður
Lúðvík S. Georgsson	
Rúnar Arnarson	
Viðar Halldórsson	
Þorgrímur Þráinsson	

### Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Laufey Sigurðardóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

### Landsliðsnefnd U21 karla

Jóhannes Ólafsson	Formaður
Jónas Þórhallsson	
Róbert B. Agnarsson	
Steinn Halldórsson	
Vignir Már Þormóðsson	

### Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Vignir Már Þormóðsson	Formaður
Einar Friðbjófsson	
Ingvar Guðjónsson	
Ómar B. Stefánsson	
Sigurður Helgason	
Sigvaldi Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

### Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ingibjörg Hinriksdóttir	Formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	
Gary Wake	
Íris Björk Eysteinsdóttir	
Jakob Skúlason	
Sigrún Ríkharðsdóttir	

### Mannvirkjanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Ásthildur Helgadóttir	
Jón Runólfsson	
Kristján Ásgeirsson	
Rúnar Arnarson	
Þorbergur Karlsson	

### Mótanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Atli Þórsson	
Árni Ólason	
Björn Friðbjófsson	
Karólína M. Jónsdóttir	
Sigvaldi Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

### Samninga- og félagaskiptanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Stefán Geir Þórisson	
Örn Gunnarsson	
Gísli Hall (til vara)	
Guðmundur H. Péturss. (til vara)	
Jóhann Albertsson (til vara)	

### Útbreiðslunefnd

Ingibjörg Hinriksdóttir	Formaður
Árni Ólason	
Björn Friðbjófsson	
Einar Friðbjófsson	
Guðmundur Ingvason	
Jakob Skúlason	
Vignir Már Þormóðsson	

### Útbreiðslunefnd landshluta

Árni Ólason	Formaður-Austurland
Adda Birna Hjálmarsdóttir	Austurland
Valdemar Einarsson	Austurland
Björn Friðbjófsson	Formaður-Norðurland

# Ársskýrsla KSÍ 2009

## Útbreiðslunefnd landshluta (framhald)

Hanna Dóra Markúsdóttir	Norðurland
Ómar B. Stefánsson	Norðurland
Einar Friðþjófsson	Formaður-Suðurland
Einar Jónsson	Suðurland
Jóna Björg Pálsdóttir	Suðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Formaður-Vesturland
Jóhann Torfason	Vesturland
Sigrún Ríkharðsdóttir	Vesturland

## Styttunefnd

Ingi Björn Albertsson	Formaður
Halldór Einarsson	
Jón Gunnlaugsson	
Júlíus Hafstein	

## Sögunefnd

Ágúst Ingi Jónsson	Formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	
Ellert B. Schram	
Halldór Einarsson	
Jón Gunnlaugsson	

## Framkvæmdanefnd um jafnréttisáætlun

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Helga Friðriksdóttir	
Hörður Guðbjörnsson	
Ingibjörg Hinriksdóttir	
Pétur Magnússon	

## Heilbrigðisnefnd

Sveinbjörn Brandsson	Formaður
Einar Jónsson	
Gauti Laxdal	
Hjalti Kristjánsson	
Hjörtur Þór Hauksson	
Reynir Björn Björnsson	
Stefán Stefánsson	
Svala Helgadóttir	

## Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson	
Ásgeir Sigurvinsson	
Eyjólfur Sverrisson	
Guðjón Þórðarson	
Guðni Kjartansson	
Helena Ólafsdóttir	
Jóhannes Atlason	
Jörundur Áki Sveinsson	
Logi Ólafsson	
Ólafur Jóhannesson	
Sigurður R. Eyjólfsson	
Vanda Sigurgeirsdóttir	

## Aga- og úrskurðarnefnd

Kolbeinn Árnason	Formaður
Gunnar Guðmundsson	Varaformaður
Halldór Frimannsson	Varaformaður
Einar M. Árnason	
Helgi R. Magnússon	
Sigrún Óttarsdóttir	
Sigurður Ingi Halldórsson	
Þróstur Ríkharðsson	

## Áfrýjunardómstóll KSÍ

Sigurður G. Guðjónsson	Forseti
Guðmundur Pétursson	

## Áfrýjunardómstóll KSÍ (framhald)

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson	
Brynjar Nielsson (til vara)	
Guðmundur Þórðarson (til vara)	
Hörður Felix Harðarson (til vara)	
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)	
Lúðvík Örn Steinarrson (til vara)	

## Leyfisdomur KSÍ

Sveinn Jónsson	Formaður
Elías Hergeirsson	
Ragnar Gíslason	
Rúnar Gíslason	
Stefán Gunnlaugsson	

## Leyfisráð KSÍ

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Guðmundur H. Pétursson	
Stefán Bergsson	
Eggert Steingrímsson	
Örn Gunnarsson	

## Kjörnefnd

Gísli Gíslason	Formaður
Steinn Halldórsson	
Unnsteinn Jónsson	

## Millipinganefnd um aldursflokkaskiptingu 2. flokks

Vignir Már Þormóðsson	Formaður
Gísli Björgvinsson	
Helena Ólafsdóttir	
Ólafur Adolfsson	

## Millipinganefnd um knattspyrnuþjálfun barna

Ragnhildur Skúladóttir	
Ingibjörg Hinriksdóttir	Formaður
Hákon Sverrisson	
Mist Rúnarsdóttir	
Sigvaldi Einarsson	
Unnsteinn Jónsson	

## Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Þ. Sigurðsson	
Haukur Gunnarsson	
Reynir Karlsson (til vara)	
Elías Hergeirsson (til vara)	

## Kjörinn endurskoðandi

Björn Ingi Victorsson	
-----------------------	--

## Starfsfólk KSÍ

Þórir Hákonarson	Framkvæmdastjóri
Birkir Sveinsson	Mótastjóri
Dagur Sveinn Dagbjartsson	Fræðslumál
Guðlaugur Gunnarsson	Mótamál og U21 karla
Gunnar Gylfason	Landslíðsmál
Jóhann G. Kristinsson	Vallarstjóri
Klara Bjartmarz	Skrifstofustjóri
Kristinn V. Jóhannsson	Vallarstarfsmaður
Magnús Már Jónsson	Dómarastjóri
Margrét Elíasdóttir	Ritari
Ómar Smáráson	Leyfis- og markaðsstjóri
Pálmi Jónsson	Fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir	Ritari
Sigurður R. Eyjólfsson	Fræðslustjóri
Þorvaldur Ingimundarson	Mótamál og vefur KSÍ
<i>Tímabundnar ráðningar:</i>	
Gunnar Einarsson	Útbreiðslumál
Halldór Örn Kristjánsson	Mótamál

## Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Jón Gunnlaugsson formaður, Lúðvík S. Georgsson, Rúnar Arnarson, Viðar Halldórsson og Þorgrímur Þráinsson. Með nefndinni störfuðu Þórir Hákonarson og Gunnar Gylfason. Ólafur Jóhannesson var þjálfari og til aðstoðar voru Pétur Pétursson og Bjarni Sigurðsson markvarðþjálfari. Læknar landsliðsins voru Sveinbjörn Brandsson og Gauti Laxdal, sjúkráþjálfarar Stefán H. Stefánsson og Friðrik E. Jónsson. Nuddari var Óðinn Svansson og búningastjóri Björn Gunnarsson.

### Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék 11 leiki á árinu, fjóra í undankeppni HM 2010 og sjö vináttuleiki, þar af tvo utan alþjóðlegra leikdaga. Sigur vannst í þremur leikjum, þremur lauk með jafntefli og fimm leikir töpuðust. Í þessum 11 leikjum léku 48 leikmenn. Grétar Rafn Steinsson, Kristján Örn Sigurðsson og Indriði Sigurðsson léku flesta leiki á árinu eða 9 hver. Brynjar Björn Gunnarsson lék sinn 70. leik á árinu, Eiður Smári Guðjohnsen sinn 60., Indriði Sigurðsson sinn 50. og Emil Hallfreðsson sinn 25 leik.

### Vináttulandsleikir

Fyrsti leikurinn var gegn Liechtenstein og var leikið í La Manga á Spáni. Lokatölur urðu 2-0 fyrir Ísland eftir að staðan hafði verið 1-0 í hálfleik og var sigur liðsins síst of stór. Arnór Smáráson kom íslenska liðinu yfir í fyrri hálfleik og Eiður Smári bætti öðru marki við í síðari hálfleik. Um miðjan mars var leikið við Færeyinga í Kórnum og tapaðist leikurinn 1-2. Jónas Guðni Sævarsson skoraði mark Íslands undir lokin. Í ágúst var leikið við Slóvaka hér heima og lauk þeim leik með jafntefli. Kristján Örn Sigurðsson skoraði mark Íslands á 59. mínútu og jafnaði þá leikinn, en Slóvakar höfðu komist yfir í fyrri hálfleik. Í september komu Georgíumenn í heimsókn í Laugardalinn og vann íslenska liðið 3-1 sigur. Garðar Jóhannesson og Ólafur Ingi Skúlason komu Íslandi í 2-0 áður en Georgíumenn minnkuðu muninn fyrir hlé. Það var svo Veigar Páll Gunnarsson sem skoraði þriðja mark Íslands úr vítaspyrnu í síðari hálfleik. Í október var leikið gegn Suður-Afríku á Laugardalsvelli og lauk þeim leik með 1-0 sigri Íslands. Það var Veigar Páll sem skoraði í fyrri hálfleik. Í nóvember voru tveir vináttuleikir á erlendri grundu. Fyrst var leikið gegn Íran í Teheran og tapaðist sá leikur 1-0, en fjórum dögum síðar gerði liðið 1-1 jafntefli við Lúxemborg í Lúxemborg. Garðar Jóhannesson kom Íslandi yfir um miðjan síðari hálfleik en heimamenn jöfnuðu 10 mínútum síðar.

### Undankeppni HM 2010

Fyrsti leikur ársins í undankeppni HM var gegn Skotum á Hampden Park í byrjun apríl. Skotar komust yfir í fyrri hálfleik, Indriði Sigurðsson jafnaði leikinn fljótlega í síðari hálfleik en Skotar skoruðu aftur skömmu síðar og unnu 2-1 sigur. Annar leikur ársins fór fram á Laugardalsvelli í byrjun júní. Hollendingar voru gestirnir og unnu þeir 2-1 sigur. Hollendingar skoruðu tvívegis í byrjun leiks og þar við sat þar til Kristján Örn minnkaði muninn mínútu fyrir leikslok. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Makedónum í miklum hita í Skopje. Heimamenn unnu 2-0 sigur, skoruðu fyrst eftir 10 mínútur og bættu svo við marki undir lokin. Í byrjun september var leikið gegn Norðmönnum á Laugardalsvelli og lauk leiknum með 1-1 jafntefli. Gestirnir komust yfir á 11. mínútu en Eiður Smári jafnaði á þeirri 29. og þrátt fyrir góð færi tókst ekki að landa sigri. Lokastaðan í riðlinum var þannig að Hollendingar urðu efstir með fullt hús stiga eða 24, Norðmenn komu næstir með 10 stig líkt og Skotar sem höfnuðu í 3. sæti, Makedónar fengu 7 stig í 4. sæti og Íslendingar ráku lestina með 5 stig.

### Lokaorð

Þetta keppnistímabil hjá landsliðinu var að mörgu leyti athyglisvert. Liðið lék alls 11 leiki, vann þrjá þeirra, gerði þrjú jafntefli og tapaði fimm. Í heildina er árangur þess ágætur, þó að vissu leyti sé árangurinn í riðlakeppni HM nokkur vonbrigði. Liðið lék ágætlega í mörgum leikjanna og því hefðu stigin í riðlinum mátt vera fleiri. Í þeim vináttuleikjum sem leiknir voru var haldið áfram að gefa ungum og efnilegum leikmönnum tækifæri og árangur í þeim leikjum var yfirleitt ágætur þó vonbrigði leyndu sér ekki eftir tapleik gegn Færeyingum í byrjun ársins. Sigrar gegn Liechtenstein, Georgíu og S-Afríku og jafntefli við Slóvakíu og Lúxemborg segja þó meira en einn tapleikur. Liðið fór í mikla ævintýraferð til Írans og verður sú ferð sjálfsagt eftirminnleg reynsla fyrir þá sem í hana fóru. Margir komu að starfi landsliðsins á árinu eins og áður. Sérstaklega vil ég þakka Ólafi Jóhannessyni landsliðsþjálfara og hans aðstoðarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Gunnari Gylfasyni starfsmanni landsliðsnefndar, meðnefndarmönnum mínum í landsliðsnefnd, Þóri Hákonarsyni framkvæmdastjóra KSÍ og öðru starfsfólki hans er einnig þökk að þeirra aðkoma að starfi landsliðsins.

*Jón Gunnlaugsson, formaður*

## Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson formaður, Róbert Agnarsson, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, læknir Hjalti Kristjánsson, sjúkrþjálfari Róbert Magnússon og Lúðvík Jónsson liðsstjóri.

### Vináttulandsleikur

Liðið lék einn vináttulandsleik á árinu og var sá leikur gegn Dönum ytra. Þetta var fyrsti leikur liðsins undir stjórn Eyjólf Sverrissonar og var þetta því mikilvægur leikur til að geta skoðað framtíðarleikmenn liðsins. Danirnir byrjuðu mun betur og komust í 2-0 áður en Ísland minnkaði muninn fyrir lok fyrri hálfleiks úr vítaspyrnu eftir að brotið hafði verið á Rúrik Gíslasyni. Ísland lék mun betur í síðari hálfleik og jafnaði fljótlega. Danir náðu síðan að skora þegar 13 mínútur voru eftir og héldu því forskoti þrátt fyrir góða pressu Íslands á lokamínútunum.

### Undankeppni EM 2011

Dregið var í undankeppni EM 2009/2011 í Árósum í Danmörku í febrúar. Ísland lenti í mjög sterkum riðli með Tékkum, Þjóðverjum, N-Írum og San Marínó, en þrjár fyrstnefndu þjóðirnar voru fyrir ofan okkur á styrkleikalista.

Fyrsti leikurinn á árinu 2009 fyrir EM 2011 var gegn Tékkum á heimavelli 12. ágúst og var leikið á KR-velli. Íslendingar byrjuðu ágætlega og fengu mjög gott færi á að komast yfir en inn vildi boltinn ekki. Tékkar skoruðu síðan tvö mörk með skömmu millibili í síðari hálfleik og lokatölur því 0-2, Tékkum í vil.

Annar leikur liðsins var gegn N-Írum ytra 8. september, leikið var á Showgrounds vellinum í Coleraine. Íslendingar komu mjög sterkir til leiks enda léku þeir með nánast sitt sterkasta lið. Komu drengirnir N-Írunum í opna skjöldu og var staðan 0-4 í hálfleik. Mörkin skoruðu Bjarni Viðarsson, Aron Einar Gunnarsson, Alfreð Finnbogason og Rúrik Gíslason. Leikurinn jafnaðist nokkuð í seinni hálfleik og skoruðu liðin sitt hvor tvö mörkin, Íslendingar beittu skyndisóknum í síðari hálfleik og hefðu með smá heppni getað skorað fleiri mörk en þessi tvö sem þeir bættu við. Það voru Rúrik Gíslason og Jóhann Berg Guðmundsson sem skoruðu mörkin. Lokatölur 2-6 Íslendingum í vil.

Tveir leikir fóru fram í október og var sá fyrri gegn San Marínó 9. október á Laugardalsvellingum. Leikurinn átti upphaflega að fara fram á Akranesi en vegna afleitar veðurspár var tekin sú ákvörðun daginn áður að leita eftir samþykki UEFA og San Marínó fyrir því að færa leikinn á Laugardalsvöll og var það samþykkt. Yfirburðir Íslendinga í leiknum voru miklir og urðu lokatölur leiksins 8-0. Mörkin skoruðu Jóhann Berg Guðmundsson 3, Rúrik Gíslason 2, Hólmar Örn Eyjólfsson, Almarr Ormarsson og Kristinn Steindórsson.

Seinni leikurinn gegn N-Írum fór fram á Grindavíkuvelli 13. október. Greinilegt var að N-Írar ætluðu ekki að láta úrslitin úr fyrri leiknum endurtaka sig og mættu vel stemmdir til leiks, en það voru þó Íslendingar sem voru að fá betri færi í fyrri hálfleik. Jafnræði var með liðunum í seinni hálfleik en áfram voru það Íslendingar sem voru að fá betri færi og komust í 2-0 áður en N-Írar náðu að minnka muninn. Lokatölur 2-1 Íslandi í vil. Mörkin skoruðu Jóhann Berg Guðmundsson og Jósef Kristinn Jósefsson.

Fimmti leikur ársins á EM 2011, og sá síðasti, var gegn San Marínó ytra þann 13. nóvember. Það sama var uppi á teningnum og í fyrri leik liðanna, yfirburðir Íslands voru miklir og náðu menn að skapa sér fjölmörg færi fyrir utan þau sex mörk sem Ísland skoraði. Það sem vakti athygli var hversu ákveðnir okkar leikmenn mættu til leiks og greinilegt að menn fóru í leikinn ákveðnir í að vinna. Þarna var ekkert vanmat í gangi þrátt fyrir úrslit fyrri leiksins. Mörk Íslands skoruðu Alfreð Finnbogason 2, Gylfi Þór Sigurðsson 2, Kolbeinn Sigþórsson og Bjarni Þór Viðarsson úr víti.

Árangur liðsins á árinu hefur verið mjög góður og greinilegt að vináttuleikurinn gegn Dönum var mjög mikilvægur undirbúningur fyrir leiki liðsins í undankeppni EM. Leiknir hafa verið 6 leikir á árinu með vináttuleiknum, fjórir hafa unnist og tveir tapast og markatalan er einstaklega athyglisverð, 24-8.

Á þessu ári vann Ísland sinn stærsta sigur í landsleik bæði á heimavelli og að heiman. Landslið U21 lék mög skemmtilegan fótbolta eins og markatalan sýnir. Það er ekki síst því að þakka að stór hluti þessara leikmanna hefur leikið saman í yngri landsliðum Íslands og menn þekkja því hver annan mjög vel. Eftir eru þrír leikir í þessari keppni, tveir leikir við Þjóðverja og útileikur við Tékkland. Það er því verðugt verkefni og mikil áskorun fyrir leikmenn og alla þá sem að þessu liði koma að spila við þessar þjóðir og keppa við þær um annað af tveim efstu sætum þessa riðils.

### Leikmenn

Tuttugu og átta leikmenn tóku þátt í leikjunum sex á árinu og einn var í hóp en kom ekki inná. Hjörtur Logi Valgarðsson var eini leikmaðurinn sem náði að vera í byrjunarliði alla leiki ársins. Rúrik Gíslason var fyrirliði í fjórum leikjum en þeir Bjarni Þór Viðarsson og Almarr Ormarsson voru fyrirliðar sitthvorn leikinn.

### Lokaorð

Að lokum vil ég þakka leikmönnum, þjálfurum, lækni, sjúkraþjálfurum og liðsstjórum samstarfið þetta tímabilið. Einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni svo og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf.

*Jóhannes Ólafsson, formaður*

## Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson, formaður, Einar Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Sigvaldi Einarsson, Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Helgason og Þórarinn Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum karla. Gunnar Guðmundsson var þjálfari U17 landsliðsins, Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landsliðið og Freyr Sverrisson hafði umsjón með verkefnum U16, úrtökumóti og knattspyrnskólanum ásamt því að vera Gunnari til aðstoðar í verkefnum U17 landsliðsins. Ólafur Ólafsson var aðstoðarþjálfari U19, liðsstjórar liðanna voru Gunnlaugur Hreinsson hjá U17 og Guðmundur Óli Sigurðsson og Ragnar Bogi Petersen hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru Benedikt Kristjánsson, Hjörtur Brynjólfsson og Örn Ragnarsson og sjúkraþjálfarar Gunnar Örn Ástráðsson og Sólveig Þórarinsdóttir.

### **U17 - Leikmenn fæddir 1993 og síðar**

Verkefni þessa liðs voru með hefðbundnu sniði, Norðurlandamót um mánaðamótin júlí - ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

### **Opna Norðurlandamótið**

Mótið var að þessu sinni haldið í Noregi 28. júlí - 2. ágúst og var íslenska liðið í B-riðli ásamt Finnum, Skotum og Svíum. Fyrsti leikurinn, gegn Skotum, var aðeins 4 mínútna gamall þegar Bjarni Gunnarsson kom íslenska liðinu yfir. Skotar jöfnuðu um miðjan fyrri hálfleikinn og tryggðu sér svo 2-1 sigur með marki í byrjun síðari hálfleiks. Annar leikurinn var gegn Svíum og sigruðu Íslendingar með tveimur mörkum gegn engu. Bæði mörk leiksins komu undir lok fyrri hálfleiks og var það Bjarni Gunnarsson sem skoraði þau bæði. Í lokaleik riðlakeppninar unnu íslensku strákarnir góðan sigur á Finnum. Eftir markalausan fyrri hálfleik kom Kristján Gauti Emilsson íslenska liðinu yfir á 52. mínútu og Emil Pálsson bætti við öðru marki á 54. mínútu. Aftur liðu aðeins tvær mínútur og þá skoraði Kristján Gauti aftur. Finnar minnkuðu muninn á 76. mínútu en Arnar Bragi Bergsson skoraði fjórða mark Íslendinga einni mínútu fyrir leikslok og gulltryggði góðan sigur. Íslenska liðið hafnaði í öðru sæti í B riðli með 6 stig á eftir Skotum sem hlutu 7 stig, en á undan Svíum sem voru með 4 stig og Finnum sem voru stigalausir. Í leik um 3. sætið töpuðu strákarnir gegn heimamönnum í hörkuleik, 3-5, eftir að Norðmenn leiddu í hálfleik með tveimur mörkum gegn engu. Bjarni skoraði í upphafi síðari hálfleiks en Norðmenn náðu fjótleiga aftur 2 marka forskoti. Íslenska liðið jafnaði leikinn með mörkum Emils og Kristjáns Gauta en Norðmenn skorðu 2 síðustu mörk leiksins og unnu. Norðmenn voru þar með krýndir Norðurlandameistarar, en það voru Englendingar og Skotar sem léku til úrslita á mótinu

og þar sigruðu Englendingar með þremur mörkum gegn einu og þurfti framlengingu til. Danir lögðu Svía í leik um fimmta sætið og Finnar báru sigurorð af Færeyingum í leik um sjöunda sætið.

### **Undankeppni EM**

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn í Wales um mánamótin september-október og auk heimamanna voru mótherjarnir Rússar og Bosníumenn. Fyrsti leikur Íslands var gegn Wales. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu heimamenn tvö mörk í byrjun þess síðari. Hólmbert Friðjónsson og Kristján Gauti jöfnuðu leikinn fyrir íslenska liðið en Wales átti síðasta orðið og vann 3-2 sigur. Annar leikurinn var gegn Rússum sem komust yfir í fyrri hálfleik en Kristján Gauti jafnaði leikinn í þeim síðari og þar við sat og 1-1 jafntefli niðurstaðan. Lokaleikurinn var gegn Bosníu og voru andstæðingarnir á undan að skora og leiddu í hálfleik 1-0. Hólmberti var vikið af leikvelli undir lok fyrri hálfleiks vegna tveggja áminninga, en íslenska liðið, manni færri, jafnaði leikinn með marki frá Bjarna og þar við sat. Heimamenn unnu sigur í riðlinum með 7 stig og Bosníumenn fylgdu þeim áfram í milliriðla með 3 stig, Íslendingar urðu í þriðja sæti á betri markatölu en Rússar, en bæði lið fengu 2 stig. Íslenska liðið varð svo með þriðja besta árangur í 3. sæti í undankeppninni og komst því ekki í milliriðla en tvö bestu liðin í þriðja sæti komust þangað.

### ***U19 – Leikmenn fæddir 1991 og síðar***

Liðið lék tvo vináttuleiki við Skota ytra í byrjun september og unnust þeir báðir. Fyrri leikurinn vannst 2-0 og var það Pape Mamadou Faye sem skoraði bæði mörkin sitt í hvorum hálfleikum. Síðari leikurinn fór 3-1 fyrir Ísland, Pape og Arnar Sveinn Geirsson skoruðu í fyrri hálfleik og Andri Fannar Stefánsson gulltryggði sigurinn úr vítaspyrnu á lokamínútunum.

### **Undankeppni Evrópumótsins**

Íslenska liðið var í riðli með Bosníu, Búlgaríu og Norður-Írlandi og var riðillinn leikinn í Sarajevó í október. Fyrsti leikurinn var gegn heimamönnum sem skoruðu eina mark leiksins um miðjan fyrri hálfleikinn. Annar leikurinn var gegn Norður-Írum og þrátt fyrir nokkur góð færi tókst hvorugu liðinu að skora og lauk leiknum með 0-0 jafntefli. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Búlgörum, sem skoruðu fyrst, en Guðmundur Magnússon jafnaði leikinn áður en Búlgarar skoruðu aftur og leiddu í leikhléi 2-1. Í síðari hálfleik skoruðu Pape og Arnar Sveinn og tryggðu íslenskan 3-2 sigur. Bosníumenn unnu riðilinn með 7 stig og Norður-Írar fylgdu þeim í milliriðla með 5 stig. Íslenska liðið varð í 3. sæti riðilsins með 4 stig (og með 4. besta árangur liðs í þriðja sæti og komst því ekki í milliriðla) og Búlgarar ráku lestina með 1 stig.

### ***U19 – Leikmenn fæddir 1992 og síðar***

Liðið tók þátt í æfingamóti í Svíþjóð síðari hluta júlí ásamt Svíum, Norðmönnum og Walesbúum. Fyrst var leikið gegn Wales sem skoraði eitt mark í hvorum hálfleik og vann 2-0 sigur. Annar leikurinn var gegn Svíum sem skoruðu snemma leiks en mörk frá Guðmundi Þórarinssyni, Kristjáni Gauta og Jóni Daða Böðvarssyni komu íslenska liðinu yfir. Svíar skoruðu þó tvö mörk undir lokin og náðu 3-3 jafntefli. Norðmenn voru andstæðingarnir í lokaleikum og unnu þeir 2-1 sigur. Andri Adolphsson kom íslenska liðinu yfir í fyrri hálfleik en Norðmenn skoruðu tvisvar í þeim síðari og tryggðu sem þar með sigurinn í leiknum og mótinu. Hlutu þeir 7 stig, Svíar 5, Wales 3 og Íslendingar 1.

### **Úrtökumót**

Úrtökumót KSÍ fór að venju fram að Laugarvatni um miðjan ágúst og hafði Freyr Sverrisson umsjón með mótinu og honum til aðstoðar voru þeir Birgir Jónasson, Eiður Ottó Bjarnason og Mark Duffield. Líkt og undanfarin áru tóku 64 drengir víðs vegar af landinu þátt og munu þeir mynda U17 landsliðið á þessu ári.

### **Lokaorð**

Það má segja að það hafi verið töluverð vonbrigði að ná ekki að komast í milliriðil, hvorki hjá U17 né U19, en litlu má muna í túrningum sem þessum þar sem spilaðir eru þrír leikir á einni viku. Eins og áður segir var U17 var með þriðja besta árangur í þriðja sætinu og U19 fjórða besta, en fyrsti og annar besti árangur gefur sæti í milliriðli. U17 liðið var einnig mjög nálægt því að fara alla leið á Norðurlandamótinu. Þannig að segja má að við höfum verið ansi nærri, en betur má ef duga skal.



Á keppnisárinu (haust 2008-haust 2009) hafa verið haldnar 54 æfingar og til þeirra boðaðir alls 285 leikmenn. Er ég ánægður með hversu margir leikmenn hafa verið skoðaðir og fengið möguleikann á að sýna getu sína. Einnig hafa þjálfarar verið duglegir að fylgjast með drengjum hjá þeirra félagsliðum í keppni. Þessar tölur sýna umfangsmikið starf landsliðanna þó það sé alltaf til endurskoðunar með það að markmiði að gera betur.

Verkefni þessa árs eru með svipuðu sniði og undanfarin ár. U17 tekur þátt í Norðurlandamótinu sem haldið verður í ágúst í Finnlandi að þessu sinni og síðan leikur liðið í undanriðli Evrópukeppinnar gegn Tyrklandi, Armeníu og Tékklandi. Riðillinn verður leikinn á Íslandi í september. U18 liðið heldur til Svíþjóðar á æfingamót í júlí, U19 liðið leikur í undanriðli Evrópukeppinnar í Wales, andstæðingar okkar þar auk heimamanna eru frá Tyrklandi og Kasakstan. Stefnt er einnig að tveimur æfingaleikjum hjá liðinu í haust til undirbúnings Evrópukeppinnar.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

*Vignir Már Þormóðsson, formaður*

## Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2009: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna. Sigurður Ragnar Eyjólfsson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar var Guðni Kjartansson. Markmannsþjálfari var Guðmundur Hreiðarsson, læknir var Reynir Björn Björnsson og sjúkraþjálfari var Svala Helgadóttir. Liðsstjórar A kvenna voru þær Margrét Ákadóttir og Ragnheiður Elíasdóttir.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup en að þessu sinni lék íslenska liðið í efri styrkleikaflokki að ósk KSÍ. Fyrsti leikur liðsins á mótinu var gegn Noregi þar sem öruggur 3-1 sigur vannst. Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði tvö mörk en eitt mark Noregs var sjálfsmark. Annar leikur liðsins var gegn Bandaríkjunum og tapaðist sá leikur naumlega 0-1, en mark Bandaríkjanna kom á 89. mín. Þriðji leikur liðsins, gegn Danmörku, tapaðist 0-2. Íslenska liðið lék því um 5.-6. sæti mótsins við Kínverja. Sá leikur endaði 2-1 fyrir Kína en Harpa Þorsteinsdóttir skoraði mark Íslands.

25. apríl var leikinn vináttuleikur gegn Hollendingum í Kórnum. Leikurinn endaði 1-1 og skoraði Ólína Guðbjörg Viðardóttir mark Íslands.

Í júlí voru leiknir tveir vináttuleikir í Englandi. Sá fyrri gegn liði heimamanna og vann íslenska liðið öruggan 2-0 sigur með mörkum Hólmfríðar Magnúsdóttur og Margrétar Láru Viðarsdóttur. Síðari leikurinn í Englandi var gegn Dönum og tapaðist hann 1-2. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands.

Fyrsti leikur Íslands í undankeppni HM 2011 var leikinn 15. ágúst á Laugardalsvelli og var leikurinn jafnfram lokaleikur íslenska liðsins fyrir úrslitakeppni EM. Íslenska liðið vann öruggan 5-0 sigur með mörkum Margrétar Láru Viðarsdóttur (4) og Katrínar Jónsdóttur.

Þann 21. ágúst lagði íslenska liðið af stað til Finnlands og þremur dögum síðar var leikinn fyrsti leikur Íslands í úrslitakeppni A landsliða. Leikið var gegn Frökkum og átakamiklum leik lauk með 3-1 sigri Frakka. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði fyrsta mark Íslands í úrslitakeppni A landsliða. Annar leikur liðsins var gegn Noregi og tapaðist hann einnig 0-1, eins og þriðji leikur liðsins gegn Þjóðverjum.

Ekki var löng hvíld eftir Evrópukeppnina. Annar leikur Íslands í undankeppni HM var gegn Eistlandi 17. september og var markamet slegið í Laugardalnum er íslenska liðið sigraði 12-0. Mörk okkar gerðu

þær Margrét Lára Viðarsdóttir (3), Dóra María Lárusdóttir, Katrín Jónsdóttir (2), Edda Garðarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir (3), Sara Björk Gunnarsdóttir og Raket Hönnudóttir. Í október lék Ísland tvo leiki í undankeppni HM. Enn á ný var leikið við Frakka, að þessu sinni var leikið á hinum stórglæsilega Stade de Gerland í Lyon og tapaðist leikurinn 0-2. Síðari leikurinn í ferðinni var gegn Norður-Írum og vannst mikilvægur 1-0 baráttusigur. Katrín Ómarsdóttir skoraði markið og hélt því möguleika okkar á að komast í úrslitakeppni HM raunhæfum.

### Tímamótaleikir

Margrét Lára Viðarsdóttir lék sinn 50. landsleik á Algarve Cup og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir lék sinn 25. landsleik. Þá lék Fanndís Friðriksdóttir sinn fyrsta A landsleik á mótinu. Dóra María Lárusdóttir lék sinn 50. landsleik í úrslitakeppni EM og Katrín Ómarsdóttir lék sinn 25. landsleik í Finnlandi. Kristín Ýr Bjarnadóttir lék sinn fyrsta landsleik gegn Eistum í september og Hólmfríður Magnúsdóttir lék sinn 50. landsleik á móti Norður-Írum í lok október. Erna B. Sigurðardóttir lék sinn 25. landsleik í vináttuleiknum gegn Hollandi. Katrín Jónsdóttir, fyrirliði, heldur áfram að bæta landsleikjamet sitt, í árslok hefur Katrín leikið 92 A landsleiki fyrir Íslands hönd.

### Lokaorð

Árið 2009 var tímamótaár í íslenskri knattspyrnu. Á sama ári áttum við tvö kvennalandslið í úrslitakeppni Evrópumóta, U19 og A. Fleiri knattspyrnukonur en nokkru sinni áður reyndu fyrir sér í atvinnumennsku erlendis, umfjöllun fjölmiðla um kvennaknattspyrnu hefur aldrei meiri, framléidd var kvikmynd um íslenska kvennalandsliðið og vonir eru bundnar við að iðkendum muni fjölga í kjölfar úrslitakeppni EM.

Þátttaka í úrslitakeppninni í Finnlandi var mjög lærdómsrík og er það okkar að reyna að miðla þeim lærdómi til þeirra sem á eftir munu koma. Landsliðsnefnd kvenna og starfsmenn landsliðsins gerðu sér fyllilega grein fyrir því fyrir úrslitakeppnina að verkefnið væri mjög erfitt og lögð var áhersla á það að undirbúa liðið sem allra best fyrir keppnina. Þrátt fyrir að liðið hafi tapað öllum sínum leikjum er það mat þeirra sem að liðinu stóðu að leikmenn liðsins geti borið höfuðið hátt og verið stoltir af framgöngu sinni í mótinu. Landsliðsnefnd kvenna vill nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að verkefninu fyrir sitt framlag. Sérstaklega ber að nefna vandaða umfjöllun fjölmiðla um mótið og frábæra frammistöðu þeirra fjölmörgu sem lögðu leið sína til Finnlands og studdu íslenska liðið á þann hátt að eftir var tekið.

Undankeppni HM er hafin og fjórir leikir eru þegar að baki. Mikilvæg stig töpuðust í Frakklandi en það var greinilegt að úrslitakeppnin sat í leikmönnum íslenska liðsins og þeir voru þreyttir eftir langt og strangt keppnistímabil. Lykilleikmanna var sárt saknað í þeim leik. Mikilvægur sigur á Norður-Írum á erfiðum útivelli heldur möguleikum okkar þó opnum, en við megum ekki tapa stigi í mótinu og þurfum að vinna Frakka á heimavelli næsta sumar. Það er verðugt verkefni.

Þeim sem hafa staðið þétt við bakið á liðinu á árinu eru þökkun góð störf. Þar ber helst að nefna starfsmenn liðsins, Sigurð Ragnar Eyjólfsson, Guðna Kjartansson, Guðmund Hreiðarsson, Svölu Helgadóttur, Reyni Björnsson og Margréti Ákadóttur sem voru fastir starfsmenn liðsins á árinu en einnig komu aðrir til aðstoðar þegar þurfti. Hin gamalkunna landsliðskempa Erla Hendriksdóttir nuddari bættist í lið starfsmanna fyrir EM í Finnlandi ásamt Ómari Smárasyni fjölmiðlafulltrúa KSÍ og Gary Wake sem sá um leikgreiningu í mótinu. Einnig ber að þakka starfsmönnum á skrifstofu KSÍ sem voru ávallt reiðubúnir til að aðstoða þegar á reyndi. Fjölmargir aðrir komu að starfsemi íslenska liðsins á árinu og þar var sama við hvern var rætt fyrir úrslitakeppnina í Finnlandi. Allir voru tilbúnir til að greiða götu liðsins og KSÍ og fyrir það þökkum við.

Samstarfsfólki mínu í landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Síðast en ekki síst er leikmönnum íslenska liðsins þakkað ómetanlegt framlag til íslenskrar knattspyrnu.

*Guðrún Inga Sívertsen, formaður*

### Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2009: Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Gary Wake, Íris Björk Eysteinsdóttir, Jakob Skúlason og Sigrún Ríkharðsdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglínganefndar er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og honum til aðstoðar var Gary Wake. Þorlákur Árnason var þjálfari U17 og honum til aðstoðar var Bóel Kristjánsdóttir. Þá sinnti Þórður Þórðarson markmannspjálfun liðanna. Sjúkrþjálfarar voru þær Sólveig Þórarinsdóttir (U17) og Guðrún Sigurðardóttir (U19). Hjörtur Þór Hauksson og Elínborg Bárðardóttir voru læknar U19 og þau Ólafur Þór Gunnarsson og Sigurbjörn Björnsson voru læknar U17. Liðsstjórar voru Ingigerður Júlíusdóttir og Sigrún Óttarsdóttir hjá U19 og Sigríður Fanney Pálsdóttir var liðsstjóri U17.

#### **U19 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1990 og síðar**

Í apríl sl. lék U19 landslið Íslands í milliriðlum EM í Póllandi. Liðið byrjaði mótið með látum og lagði Dani í fyrsta leik 3-2. Fanndís Friðriksdóttir fyrirliði skoraði öll mörk Íslands í leiknum. Annar leikur liðsins var gegn Svíum og lauk þeim leik með 0-0 jafntefli. Lokaleikur Íslands í riðlinum var gegn liði heimamanna og á sama tíma léku Svíar og Danir. Öll liðin áttu möguleika á að sigra í riðlinum og komast í úrslitakeppni EM. Með mikilli baráttu náði íslenska liðið að knýja fram 2-2 jafntefli gegn Pólverjum með mörkum þeirra Thelmu Bjarkar Einarsdóttur og Berglindar Bjargar Þorvaldsdóttur. Á sama tíma unnu Svíar Dani 1-0 og ljóst var að íslenska liðið sigraði í riðlinum með fleiri skoruðum mörkum en Svíar. Íslenska liðið vann sér þar með þátttökurétt í úrslitakeppni EM sem fram fór í Hvíta-Rússlandi í júlí. Þar lék íslenska liðið í B-riðli ásamt Englendingum, Svíum og Norðmönnum. Í fyrsta leik lék íslenska liðið gegn Norðmönnum og gerði markalaust jafntefli. Annar leikur liðsins var gegn Svíum og lauk honum með 2-1 sigri Svía, þar sem íslenska liðið náði forystunni, Svíar jöfnuðu en sigurmark þeirra kom ekki fyrr en á 87. mínútu. Þótti okkur það mjög súrt að ná ekki meiru út úr þeim leik. Lokaleikurinn var gegn Englendingum og átti íslenska liðið ekki mikla möguleika gegn sterku liði Englendinga og tapaði 0-4. Englendingar urðu síðar Evrópumeistarar, unnu Svía 2-0 í úrslitaleik.

#### **U19 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar**

Í júlí lék U19 landsliðið tvo æfingaleiki gegn Færeyjum, en leikið var í Hveragerði og í Þorlákshöfn. Íslenska liðið vann báða leikina nokkuð örugglega. Fyrri leikinn unnu stelpurnar 5-1 og skorðu þær Anika Laufey Baldursdóttir (2), Hafrún Olgeirsdóttir, Kristín Erna Sigurlásdóttir og Hanna María Jóhannsdóttir mörk Íslands. Í síðari leiknum sigraði íslenska liðið 3-1 með mörkum frá Kristínu Ernu Sigurlásdóttur, Þórhildi Stefánsdóttur og Heiðu Dröfn Antonsdóttur. Vegna þátttöku U19 í úrslitakeppni EM sem fram fór á sama tíma og æfingaleikirnir gegn Færeyjum stjórnaði Úlfar Hinriksson liðinu í fjarveru Ólafs Þórs Guðbjörnssonar.

Í september var leikið í undankeppni EM 2010 og fór riðill Íslands fram í Portúgal. Fyrsti leikur liðsins var gegn liði heimamanna sem steinlá fyrir sterku íslensku liði, 2-0. Mörk Íslands gerðu þær Þórhildur Stefánsdóttir og Kristín Erna Sigurlásdóttir. Annar leikur liðsins var gegn Sviss og fóru leikar 1-1. Að þessu sinni var það Katrín Ásbjörnsdóttir sem skoraði mark Íslands. Fyrir síðasta leik riðlakeppninnar var ljóst að markamunur gæti ráðið úrslitum um það hver sigraði í riðlinum. 5-0 sigur á Rúmenum dugði ekki til, því Sviss sigraði Portúgal 4-1 á sama tíma og hafnaði því í efsta sæti riðilsins. Kristín Erna Sigurlásdóttir (2), Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Arna Sif Ásgrímsdóttir (2) skorðu mörk Íslands í leiknum. Þessi árangur tryggði íslenska liðinu sæti í milliriðli EM sem fram fer í lok mars 2010. Þar leikur íslenska liðið í riðli með Spáni, Tékklandi og Rússlandi og fer riðillinn fram í Rússlandi.

#### **U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1993 og síðar**

Í lok júní hófst opna Norðurlandamótið, sem að þessu sinni fór fram í Svíþjóð. Fyrsti leikur Íslands var gegn Norðmönnum og tapaðist hann 2-5. Mörk Íslands í leiknum gerðu þær Hulda Sigurðardóttir og Ásta Eir Árnadóttir. Annar leikur liðsins var gegn Þjóðverjum og að þessu sinni tapaði Ísland 0-6. Lokaleikur Íslands í riðlinum var gegn Hollandi og tapaðist naumlega 1-2. Ásta Eir Árnadóttir skoraði mark Íslands í leiknum. Íslenska liðið lék því um sjöunda sætið við Danmörku og vann langþráðan 1-0 sigur með marki Söru Hrundar Helgadóttur.

Í júl lék liðið tvo æfingaleiki gegn Færeyjum og fóru leikirnir fram í Þorlákshöfn og á Hvolsvelli. Íslensku stelpurnar unnu góða sigra í báðum leikjum. Í þeim fyrri 7-0 þar sem Rut Kristjánsdóttir skoraði þrennu og þær Heiður Heimisdóttir, Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, Rut Kristjánsdóttir (2), Hildur Sif Hauksdóttir og Fjolla Shala skoruðu sitt markið hver. Í síðari leiknum vann íslenska liðið 6-1 og þar fór Aldís Kara Lúðvíksdóttir á kostum og skoraði fjögur mörk og þær Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir og Glódís Perla Viggósdóttir sitt markið hvor, en þess má geta að Glódís Perla er fædd árið 1995.

Íslenska liðið lék í forkeppni EM í september á heimavelli. Fyrsti leikurinn var gegn sterku liðið Þjóðverja á Vodafone-vellinum og miklum baráttuleik lauk með markalausum jafntefli. Þetta var í fyrsta sinn sem Þjóðverjar töpuðu stigi í Evrópukeppni frá því fyrst var leikið í þessum aldursflokki. Annar leikurinn fór fram á Grindavíkuvelli og að þessi sinni var leikið við firnasterkt lið Frakka. Frakkar unnu 2-1 sigur og var það sárt tap fyrir íslenska liðið sem hafði farið svo vel af stað í keppninni. Mark Íslands í leiknum gerði Guðmunda Brynja Óladóttir. Í lokaleik sínum í riðlinum gjörsigraði íslenska liðið Ísraela með 7 mörkum gegn engu á Kópavogsvelli. Mörk Íslands í leiknum gerðu þær Guðmunda Brynja Óladóttir, Ásta Eir Arnadóttir, Rut Kristjánsdóttir (2), Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (2) og Freyja Viðarsdóttir.

### Lokaorð

Kæru knattspyrnuvinir, í þau átta ár sem ég hef setið í stjórn KSÍ hef ég notið þeirra forréttinda að fylgjast með yngri kvennalandsliðum Íslands. Það er aðdáunarvert að sjá hversu mikla vinnu leikmenn, þjálfarar og aðrir sem að liðunum standa hafa lagt á sig til þess að sem bestur árangur náist á knattspyrnuvellinum. En starf yngri landsliðanna gengur ekki aðeins út á það að vinna glæsta sigra inná velli, stór hluti af starfi þeirra sem eru í kringum liðin er að móta þá leikmenn sem þeir fá í hendurnar, gera þá að betri knattspyrnumönnum og jafnframt að móta þá sem einstaklinga. Þjálfarar liðanna hafa lagt sig fram um að vera í góðum tengslum við þjálfara félagsliðanna og í síauknum mæli hafa þeir horft til landsbyggðarinnar með það að augnamiði að gefa leikmönnum utan höfuðborgar-svæðisins og jafnvel utan landsteinanna tækifæri meðal hinna bestu.

Árið 2009 náðist sá frábæri árangur að U19 liðið vann sér þátttökurétt meðal 8 bestu landsliða Evrópu. Það var ljóst að íslenska liðið ætti þar ærið verkefni fyrir höndum. Frábærlega samstilltur og samhentur hópur gerði sitt besta og þrátt fyrir að liðið ætlaði sér stærri hluti þá fórum við þaðan bein í baki og stolt af okkar stelpum. Það sama má segja um árangur U17 nú í haust þar sem liðið mætti vægast sagt óárennilegum mótherjum. Yngsta kvennalandslið okkar sýndi það og sannaði að árangur Íslands á alþjóðavettvangi er engin tilviljun. Þjóðverjar, sem hafa haft mikla yfirburði í þessum aldursflokki töpuðu sínum fyrstu stigum í keppninni frá upphafi og var mikill taugatitringur í þeirra herbúðum eftir það. Þýski landsliðsþjálfarinn lýsti óánægju sinni með að svo sterkar þjóðir sem Þýskaland og Frakkland væru saman í riðli, enda vissi hann sem var eftir jafnteflið við Ísland að svo gat farið að lið hans sæti eftir og kæmist ekki í milliriðil. Við getum því verið ákaflega stolt af jafntefli gegn Þjóðverjum og naumu tapi gegn Frökkum þó vissulega hafi hugur okkar staðið til meiri frama í keppninni.

Það verður ekki hjá því komist að hvetja knattspyrnuforystuna til þess að marka sér ákveðnari stefnu hvað varðar yngri landsliðin. Það þarf að færa til bókar og fylgja því af festu hvernig knattspyrnuforystan hyggst ná þeim árangri að vera með öll okkar lið í úrslitum, helst á hverju ári. Árangur okkar árið 2009 sýnir svo ekki verður um villst að þar eigum við heima og með sameinuðu átaki og markvissri stefnu er það ekki aðeins fjarlægur draumur, heldur raunhæfur möguleiki. Félögin hafa staðið vaktina undanfarin ár, knattspyrnuforystan þarf að gera betur, og þar axla ég mína ábyrgð. Ég átti að gera betur.

#### Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
KR	35	1	39
Breiðablik	37	1	41
Keflavík	32	3	44
Fram	41	1	45
Stjarnan	30	4	46
FH	46	1	50
Fylkir	53	2	61
Valur	45	4	61
Fjölnir	39	6	63
Grindavík	52	3	64
Próttur R.	55	3	67
ÍBV	44	7	72

**KR hlaut Drago-styttuna í Pepsi-deild karla 2009 á grundvelli háttvísímats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.**

#### 1. deild karla Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
ÍA	38	0	38
Selfoss	40	1	44
Haukar	33	3	45
Víkingur R.	37	2	45
Fjarðabyggð	43	1	47
ÍR	41	2	49
KA	41	3	53
HK	39	4	55
Leiknir R.	48	2	56
Afturelding	42	6	66
Víkingur Ó.	58	6	82
Þór	58	7	86

**Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2009 er ÍA.**

## Skýrsla háttvísinefndar

KR var prúðasta liðið í Pepsi-deild karla samkvæmt háttvísímati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísímatíð tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Pepsi-deild kvenna var Breiðablik prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Daða Guðmundsson, Fram, háttvísasta leikmanninn í Pepsi-deild karla og Dóru Maríu Lárusdóttur, Val, háttvísasta leikmanninn í Pepsi-deild kvenna. Daði og Dóra María eru bæði þekkt fyrir þróðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Að vali nefndarinnar komu meðal annars landsliðsþjálfarar KSÍ og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

## Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2009 skipuðu Lúðvík S. Georgsson formaður, Stefán Geir Þórisson og Örn Gunnarsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Gísli Guðni Hall og Jóhann Albertsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz.

### Leikmannasamningar

Fj. í gildi 15/01/10	Fjöldi skráðra samninga*	2009		2008		2007		2006		2005	
		Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga
271	Pepsi-deild karla	236	12	198	12	153	10	211	10	168	10
202	1. deild karla	199	12	130	12	90	11	123	10	103	10
66	2. deild karla	78	8	64	7	25	5	50	7	60	9
12	3. deild karla	5	2	7	1	28	3	9	1	1	1
163	Pepsi-deild kvenna	109	9	72	8	92	8	57	7	65	7
64	1. deild kvenna	78	9	74	8	50	5	11	3	47	4
493	Leikmannssamningar	426	23	273	21	245	29	297	23	221	17
285	Sambandsamningar	279	30	272	26	193	29	164	23	223	22

\* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

### Málum vísað til nefndarinnar

Eins og undanfarin ár eru mörg ágreiningsefni sem upp koma leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Erfiðustu málin koma þó til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Í upphafi árs var frekar rólegt í störfum nefndarinnar, en þegar líða tók á árið fjölgaði málunum verulega. Flest málin tengdust því að leikmenn leituðu aðstoðar KSÍ við innheimtu útistandandi launa. Sum þessara mála voru flókin og erfið úrlausnar þar sem ágreiningsefnin milli aðila voru mörg. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

#### *Kvörtun vegna starfa umboðsmanns*

Breiðablik taldi að Arnór Guðjohnsen umboðsmaður hefði haft óheimil samskipti við tvo leikmenn Breiðabliks sumarið 2008 í þeim tilgangi að hafa milligöngu um félagaskipti yfir í erlend lið. Nefndin taldi að hann hefði ekki gerst brotlegur við reglur.

#### *Keflavík gegn KR*

Keflavík og KR gerðu með sér samkomulag um það hvernig skiptingu félagaskiptagjalds skyldi háttáð vegna sölu KR á Jónasi Guðna Sævarssyni til Halmstadt í Svíþjóð. Eftir að salan var frágengin taldi Keflavík að þeir hefðu verið blekktir í samskiptum sínum við KR. Nefndin fjallaði mjög ítarlega um þetta mál, m.a. var í fyrsta skipti viðhafður munnlegur málflutningur. Niðurstaðan var sú að aðilar hafi gengið frjálssir og óbundnir að þessum samningum og að umræddur samningur stæði þar sem ekki þætti sannað að um blekkingar hafi verið að ræða.

#### *Patrik Redo gegn Keflavík*

Patrik óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa vegna ársins 2008. Ekki var um ágreining að ræða varðandi upphæð. Uppgjör hafði farið fram áður en málið málið kom til úrskurðar.

#### *Tomasz Stolpa gegn Grindavík*

Tomasz óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa vegna ársins 2008. Ekki var um ágreining að ræða varðandi upphæð. Uppgjör hafði farið fram áður en málið kom til úrskurðar.

#### *Óðinn Árnason gegn Fram*

Óðinn óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa vegna ársins 2008. Í lok árs 2008 hafði verið gerður samningur um lokauppgjör sem var ekki efndur, þó að kveðið væri skýrt á um greiðsludag. Óðinn rifti þess vegna því samkomulagi á formlegan hátt, og fór fram á að uppgjör færi fram samkvæmt leikmannssamningi aðila. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að uppgjör skyldi fara fram samkvæmt leikmannssamningi.

#### *Boban Jovic gegn Selfoss*

Boban óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa vegna ársins 2008. Fljótlega náðu aðilar samningi um lausn málsins og hafði uppgjör farið fram áður en málið málið kom til úrskurðar.

#### *Dusan Ivkovic gegn Selfoss*

Dusan óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa vegna ársins 2008. Ágreiningur var um upphæð launa m.a. vegna gengisbreytinga og vinnuframlags Dusans. Það flækti þetta mál líka að stuðningsmannafélag Selfoss hafði gert samninginn og honum var ekki skilað inn til skráningar hjá



KSÍ. Í þessu máli kristallaðist það vandamál sem getur skapast þegar samið er í erlendri mynt og verulegar gengisbreytingar eiga sér stað. Eftir þó nokkurn tíma náðu þó aðilar samningi um lausn málsins og hafði uppgjör farið fram áður en málið málið kom til úrskurðar.

### *Runólfur Sigmundsson gegn Víkingi R.*

Runólfur óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa vegna ársins 2008. Ágreiningur var um það hvort uppgjöri væri lokið eða ekki. Víkingur taldi að uppgjöri væri lokið út frá sérstökum skilyrðum sem sett hefðu verið í tengslum við félagaskipti Runólfs í byrjun árs 2009 til Þróttar R. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi legið fyrir samkomulag um að Runólfur félli frá launakröfu sinni við félagaskiptin. Víkingi bar því að ganga frá eftirstöðvum launa í samræmi við leikmannssamning aðila.

### *Grímur Björn Grímsson gegn Fram*

Seint á árinu 2009 óskaði Grímur eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa vegna árána 2008 og 2009. Ágreiningur var um það hvort uppgjöri væri lokið eða ekki. Fram taldi að greiðslum vegna ársins 2008 væri lokið og að samið hefði verið um lækkingu launa og gengið hefði verið frá uppgjöri í tengslum við það þegar Grímur var lánaður tímabundið til Gróttu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að krafa Gríms vegna launa ársins 2008 hafi ekki komið fram innan þess tímafrests sem kveðið er á um að kröfur til nefndarinnar skuli koma fram, því ekki fjallað frekar um þann hluta málsins. Ekki var því fjallað um þann þátt frekar. Vegna ársins 2009 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið lagðar fram sannanir um launalækkingu. Bar Fram því að ganga frá launuppgjöri í samræmi við leikmannssamning aðila. Til frádráttar komu þau laun sem átti að inna af hendi meðan hann var á láni hjá Gróttu.

### *Hlutdeild í félagaskiptagjaldi*

Grindavík óskaði eftir því að fá að semja við Jósef Jósefsson um að hann fengi 20% af hugsanlegu félagaskiptagjaldi ef hann yrði seldur til erlends félags. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að leggja það til við stjórn KSÍ að heimila Grindavík og Jósef að semja á þessum nótum þar sem hann hefði verið lykilmáður í Grindavík undanfarin ár og þetta hefði ekki áhrif á skiptingu félagaskiptagjaldsins til annarra félaga. Nefndin mælti með að sett yrði það skilyrði að samningur næði til a.m.k. þriggja keppnistímabila.

## **Breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti og samninga**

Á árinu breytti FIFA framkvæmd reglna um félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára milli landa. Nú eru í gildi sérstakar undanþágur fyrir slík félagaskipti. Sækja þarf um undanþágu fyrir þau til sérstakrar nefndar hjá FIFA, en áður hafði dugað að sækja um slíkt hjá viðkomandi knattspyrnusambandi. Þá var sett í reglur að þegar leikmenn yngri en 18 ára fari milli landa að greiða beri hærri þjálfunarbætur en áður. Þá innleiddi FIFA á árinu rafrænt félagaskiptakerfi (TMS) sem öll félög þurfa að vinna með þegar félagaskipti milli landa hjá samningsleikmönnum (professionals) fara fram.

## **Umboðsmenn**

Fjórir einstaklingar reyndu við umboðsmannapróf á árinu og stóðust tveir tilskildar kröfur. Það þýddi að tveir nýir umboðsmenn tóku til starfa, þeir Hafþór Hafliðason og Halldór Birgir Bergþórsson. Alls voru því 7 íslenskir umboðsmenn starfandi á árinu. Tuttugu og einn umboðsmannasamningur (samningur leikmanns við umboðsmann) frá 6 umboðsmönnum var skráður hjá skrifstofu KSÍ á árinu.

## **Félagaskipti**

Fjöldi félagaskipta á árinu 2009 var 1.935 sem er fjölgun um 40 frá fyrra ári. Félagaskiptum heldur því áfram að fjölga og hefur fjölgað um 75% frá árinu 2000. Gengur oft mikið á síðustu dagana fyrir lokun félagaskiptaglugga. Ekki næst alltaf að fá staðfestingar viðkomandi knattspyrnusambanda í tæka tíð sem leiðir til þess að ekki er hægt að gefa út keppnisleyfi fyrir viðkomandi leikmann. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt en í tveimur tilfellum gaf framkvæmdastjóri KSÍ út keppnisleyfi af þessum sökum. Þrjár undanþágur voru veittar vegna félagaskipta markvarða og tvívegis var undanþágubeiðnum vegna félagaskipta markvarða hafnað.

	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
<b>Fjöldi félagaskipta</b>	1.935	1.895	1.688	1.639	1.427	1.246	1.257	1.078	1.096	1.105

Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

*Lúðvík S. Georgsson, formaður*

# Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2009-2010 Ingibjörg Hinriksdóttir formaður, Guðni Kjartansson, Róbert Agnarsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 6 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi.

### Þjálfaramenntun

Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson voru starfsmenn fræðslumála hjá KSÍ á þessu starfsári. Verkefni ársins voru fleiri og fjölbreyttari en áður, bæði hvað varðar námskeiðahald og önnur fræðsluverkefni, enda eftirspurnin mikil. Mikilvægur áfangi náðist þegar loksins var þýdd og gefin út þjálfraeðibók í knattspyrnu eftir Dr. Jens Bangsbo. Sú bók mun eflaust vera þjálfurum mjög gagnleg í starfi þeirra hjá aðildarfélagunum. KSÍ hélt áfram að útskrifa þjálfara með KSÍ B og KSÍ A gráður og nú er svo komið að 329 þjálfarar hafa lokið við KSÍ B gráðuna og 107 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðuna. Að auki hafa 4 Íslendingar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðuna og 3 Íslendingar til viðbótar eru að ljúka við það nám erlendis. Staðan á menntun þjálfara virðist því vera mjög góð en ætluin er að fá mjög nákvæmt yfirlit yfir stöðuna á menntun þjálfara á næsta starfsári. Fræðsluvefur KSÍ er orðinn veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

### Námskeiðahald

Algjör metþátttaka var á námskeiðum KSÍ á þessu starfsári. Haldin voru 19 þjálfaranámskeið á árinu en 5 þeirra fóru fram á landsbyggðinni. KSÍ hefur aldrei haldið fleiri námskeið á einu ári. Á öll námskeiðin mættu alls 662 þjálfarar en það er um 18% aukning frá því í fyrra sem þó var metár. Á þessu starfsári voru haldin mörg endurmenntunarnámskeið fyrir þjálfara sem hafa lokið við KSÍ A gráðu og voru þau vel sótt. Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á þjálfaranámskeiðunum okkar, en alls störfuðu 35 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir góð störf: Andy Cale, Arnar Bill Gunnarsson, Birkir Sveinsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Einar Brynjarsson, Eijlert Björkman, Dagur Sveinn Dagbjartsson, Dick Bate, Freyr Ólafsson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðni Kjartansson, Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur Hreiðarsson, Gunnar Guðmundsson, Janus Guðlaugsson, John Peacock, Lars Lagerback, Logi Ólafsson, Luka Kostic, Magnús Már Jónsson, Martin Andermatt, Njáll Eiðsson, Ólafur Þór Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson, Ólafur Kristjánsson, Pétur Ólafsson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Skapti Hallgrímsson, Slobodan Milisic, Úlfar Hinriksson, Þorkell Máni Pétursson og Þorlákur Árnason.

### Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Dagur Sveinn Dagbjartsson sótti UEFA ráðstefnu um þjálfaramenntun sem fram fór í Aþenu í Grikklandi 21. - 23. september.
- Dagur Sveinn Dagbjartsson og Sigurður Þórir Þorsteinsson fóru á Norðurlandaráðstefnu um þjálfaramenntun sem fram fór í Eerikilla í Finnlandi 30. nóvember - 2. desember.
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Guðni Kjartansson fóru á fyrstu UEFA ráðstefnu A-landsliðsþjálfara kvenna sem fram fór í Nyon í Sviss 30. nóvember - 2. desember.

### Fræðsluverkefni UEFA - UEFA study group scheme

KSÍ tók þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist UEFA study group scheme. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu. Verkefnið heldur áfram næstu 3 árin og verða 3-4 ferðir farnar á hverju ári. KSÍ sendi fulltrúa í þrjár ferðir og var einnig gestgjafi í einu fræðsluverkefni á þessu starfsári:

- 11 kennurum á þjálfaranámskeiðum KSÍ var boðið til Noregs til að kynna sér þjálfaramenntun hjá norska knattspyrnusambandinu, 4.-7. maí.
- Knattspyrnuþjálfarafélagi Íslands var boðið að senda 10 fulltrúa til Úkraínu til að kynna sér þjálfaramenntun hjá Knattspyrnusambandi Úkraínu, 4.-7. ágúst.
- 11 fulltrúum KSÍ og aðildarfélaganna var boðið til Englands til að kynna sér uppbyggingu knattspyrnu kvenna hjá enska knattspyrnusambandinu og hjá aðildarfélagum þess, 5.-8. okt.
- KSÍ tók á móti fulltrúum frá knattspyrnusamböndum Austurríkis, Portúgals og Færeyja og fræddi þau um uppbyggingu og framþróun í knattspyrnu kvenna á Íslandi, 26.-29. jan 2010.

### Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitti 10 styrki til fræðslumála á þessu ári. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Allir styrkþegar hafa skilað inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Fjöldi umsókna barst og eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Þórður Þórðarson, Jón Þór Hauksson og Lúðvík Gunnarsson frá ÍA hlutu styrk til að kynna sér þjálfun hjá Heerenveen í Hollandi.
- Gunnlaugur Jónsson, þjálfari meistaraflokks karla hjá Selfossi hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá U17 landsliði Englands.
- Ásgrímur Helgi Einarsson og Birgir Jónasson frá UMFÁ hlutu styrk til að kynna sér þjálfun hjá Knattspyrnuakademíu Watford FC í Englandi og samstarf félagsins við barnaskóla.
- Willum Þór Þórsson frá Val og Þorvaldur Örylgsson frá Fram hlutu styrk til að sækja Pro licence þjálfaranámskeið enska knattspyrnusambandsins.
- Baldvin Guðmundsson markmannsþjálfari Stjórnunnar hlaut styrk til að sækja 2. stigs markmannsþjálfunarnámskeið danska knattspyrnusambandsins.
- Kjartan Orri Sigurðsson frá Val hlaut styrk til að kynna sér endurheimt og þrekþjálfun hjá Kristianstad, Djurgården og Brommapojkarna.

### Útgáfumál

KSÍ gaf út nýja og veglega þjálffræðibók á árinu eftir Dr. Jens Bangsbo. Bókin ber nafnið „Loftháð og loftfirrt þjálfun í knattspyrnu“. KSÍ lét prenta bókina í 800 eintökum, afhenti hana á þjálfaranámskeiðum og hefur bókina einnig til sölu. Bókin leysir úr brýnni þörf á fræðsluefni á íslensku í þjálffræði knattspyrnunnar. Bergur Heimur Bergsson þýddi bókina en Janus Guðlaugsson, Dagur Sveinn Dagbjartsson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson sáu um prófarkalestur.

### Knattspyrnuskóli KSÍ

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 15.-19. júní en hann sóttu samtals 48 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 8.-12. júní og sóttu hann 41 stúlka. Þorlákur Már Árnason var skólastjóri og honum til aðstoðar var Bóel Kristjánsdóttir. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

### Knattþrautir KSÍ

Gunnar Einarsson stjórnaði knattþrautaátaki KSÍ í sumar en ákveðið var að fara út í nýtt átaksverkefni og heimsækja 5. flokk karla og kvenna í áhugasömum aðildarfélögum KSÍ og setja upp knattþrautir fyrir flokkana. Gefinn var út nýr knattþrautabæklingur í stóru upplagi og dreift víða. Gunnar heimsótti 39 aðildarfélög og alls tóku 1163 iðkendur þátt í knattþrautunum (784 strákar og 379 stúlkur). Gunnar setti bæði upp knattþrautirnar, gaf börnunum góð ráð, spjallaði við þau um hvað þarf til að ná langt í knattspyrnu og hvatti þau áfram. Þetta knattþrautaátak KSÍ fékk mjög góðar viðtökur hjá aðildarfélögunum og er vonandi komið til að vera.

### Lokaorð

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á fræðslumál og menntun þjálfara. Er nú svo komið að Ísland ber af öðrum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við þegar kemur að menntun þjálfara og berum við þar bæði höfuð og herðar yfir aðra. Þessum árangri getur knattspyrnuhreyfingin á Íslandi verið ákaflega stolt af. En með aukinni menntun þjálfara gera félögin kröfur um betri árangur og fleiri afreksmenn í knattspyrnunni. Að sama skapi gera þjálfarar meiri kröfur til félaganna og leikmanna sinna. Er það vel. En í allri þessari framför má þó aldrei missa sjónar á því meginmarkmiði knattspyrnunnar að hún eigi að vera leikur, skemmtilegur leikur, þar sem allir geta tekið þátt og verið með. Hverfi gleðin úr leiknum er til lítils unnið að mennta alla þessa þjálfara og krafan um árangur má heldur ekki verða gleðinni yfirsterkari. Undanfarin átta ár hefur undirrituð setið í stjórn KSÍ og síðustu sex ár hef ég notið þeirra forréttinda að stýra fræðslunefnd. En nú er komið að leiðarlökum. Samstarfsmönnum í fræðslunefnd, starfsmönnum nefndarinnar og kennurum á námskeiðum okkar þakka ég ánægjulega samfylgd á undangengnum árum. Færi ég þeim bestu óskir um stöðuga gleði innan vallar og utan.


*Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður*

## Þjálfaranámskeið KSÍ árið 2009


16-23. janúar	KSÍ VI	Lilleshall, Englandi	31 þjálfari
20-22. febrúar	KSÍ III	Reykjavík	74 þjálfarar
27. feb-1. mars	KSÍ IV	Akureyri	17 þjálfarar
Mars-maí	KSÍ VII	Um allt land	27 þjálfarar
18. apríl	FIFA-barna	Akureyri	17 þjálfarar
19. apríl	FIFA-barna	Reykjavík	36 þjálfarar
28. júní	E. Björkman	Reykjavík	22 þjálfarar
3-4. júlí	L. Lagerback *	Reykjavík	41 þjálfari
12. júlí	Guðmundur Guðm. *	Reykjavík	16 þjálfarar
3. október	Bikar-karla	Reykjavík	40 þjálfarar
4. október	Bikar-kvenna	Reykjavík	33 þjálfarar
9-11. október	KSÍ I	Reykjavík	43 þjálfarar
16-18. október	KSÍ Í	Reykjavík	52 þjálfarar
23-25. október	KSÍ II	Reykjavík	20 þjálfarar
30. okt-1. nóvember	KSÍ II	Reykjavík	45 þjálfarar
6-8. nóvember	KSÍ IV	Reykjavík	49 þjálfarar
10. nóvember	Peacock/Bate *	Reykjavík	49 þjálfarar
20-22. nóvember	KSÍ I	Vestmannaeyjar	28 þjálfarar
18-20. desember	KSÍ II	Vestmannaeyjar	22 þjálfarar

\* KSÍ A endurmenntunarnámskeið  
Alls 19 námskeið og 662 þjálfarar.

## Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2000-2009



## Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2009



## Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2009-2010 þau Ingibjörg Hinriksdóttir formaður, Vignir Már Þormóðsson, Björn Friðþjófsson, Einar Friðþjófsson, Árni Ólason og Jakob Skúlason. Starfsmenn nefndarinnar voru Guðlaugur K. Gunnarsson og Dagur S. Dagbjartsson. Haldnir voru fjórir bókaðir fundir á árinu. Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru gæðavottun knattspyrnskóla félaganna, umsóknir um stjórnur grasrótarsáttmála UEFA, ásamt smærri verkefnum. Skipun í nefndina var breytt frá fyrra ári þannig að nú sátu landshlutafulltrúar í nefndinni ásamt formanni og einum öðrum úr aðalstjórn KSÍ. Landshlutafulltrúarnir tilnefndu síðan þrjá fulltrúa í héraði með sér í landshlutanefnd sem funduðu sérstaklega.

### Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008. Skipaðir voru grasrótáfulltrúar félaganna í efstu deildum karla og kvenna, og var skipt jafnt á milli karla og kvenna, en alls voru 16 félög með fulltrúa.

### Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands. Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

### Knattspyrnskólar

Unnar voru leiðbeiningar að gæðavottun fyrir knattspyrnskóla féлага sem var send í skólana og síðan fóru starfsmenn KSÍ í þá skóla sem óskuðu þess og tóku út starfsemi skólanna. Af þeim félögum sem sóttu um gæðavottun stóðust þrjár skólar vottunina - Gróttá, HK og Víkingur.

### Leiðtoga og grasrótarnámskeið

Þann 1. júní stóð til að halda grasrótarnámskeið fyrir þjálfara þar sem félög sem starfrækja knattspyrnskóla voru sérstaklega hvött til að senda leiðbeinendur og þjálfara skólanna á námskeiðið. Þátttaka var það dræm að hætt var við námskeiðið, en árið á undan mættu 33 fulltrúar féлага á námskeiðið.

### Grasrótarsáttmáli UEFA

Í mars tilkynnti UEFA að KSÍ hefði fengið samþykki fyrir stjórnnum 3 og 4 í Grasrótarsáttmála UEFA og í desember kom svo önnur tilkynning um að nefnd UEFA um Grasrótárvæðing hafi lagt til við stjórn UEFA um að veita KSÍ stjórn 2. KSÍ verður þar með komið með 4 stjórnur og er KSÍ ellefta sambandið sem nær stjórn fjögur. Unnið verður í framhaldi af þessu að því að fá stjórn fimm. Til að fá stjórn fimm þarf KSÍ að koma betur að einstökum grasrótárvæðingum óskráðra leikmanna, skólámótum, o.fl.

### Grasrótarráðstefna UEFA

Dagana 17.-20. mars fór Guðlaugur Gunnarsson á grasrótarráðstefnu UEFA í Hamborg. Helstu málefni sem voru rædd voru *fótbolti fyrir alla* og *knattspyrna fatlaðra*. Í fyrirlestri frá Skotlandi kom fram að þar fjölgaði iðkendum í knattspyrnu fatlaðra um 200% á árunum 2004 til 2007. Fjallað var um þjálfun yngri flokka og menntun þeirra þjálfara sem sinna yngri flokkaþjálfun. Stóru löndin eiga erfiðara með að fá menntaða þjálfara, t.d. er Þýskaland með 30 starfsmenn sem fara um á milli lítilla féлага. Einnig voru skipaðir umræðuhópar þar sem rætt var um skráða iðkendir, skráð úrslit og mót yngri iðkenda. Ráðstefnunni lauk svo með því að Andy Roxburgh fjallaði um sögu grasrótarsáttmála UEFA.

### Viðurkenningar fyrir grasrótárvæðing

Breiðablik hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótárvæðing ársins 2009 og fyrir besta stúlkna- og kvennamótið – Síamótið, sem hefur um árabíl verið haldið með miklum glæsibrag. Knattspyrnufélag KR fékk viðurkenningu fyrir grasrótárvæðing ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics á KR-velli og fyrir knattspyrnuæfingar fyrir fatlaða sem hófust eftir áramótin 2009. Fjarðabyggð fékk viðurkenningu fyrir besta grasrótárvæðing smærri bæjarféлага – Fjarðarálmótið, sem haldið er fyrir 3.-7. fl. drengja og stúlkna.

### Ýmis smærri útbreiðsluverkefni árið 2009

Haldnar voru þrjár æfingar fyrir fatlaða í samstarfi við ÍF í sumar. Æfingar fóru fram í Reykjavík. Nokkrir leikmenn karlalandsliðsins mættu á æfingarnar og vakti það mikla lukku þátttakendanna. Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur eftir EM farið í nokkra skóla í samstarfi við félag og kynnt sérstaklega knattspyrnu kvenna ásamt öðrum útbreiðsluverkefnum. Meðal annars fóru Sigurður og Magnús Már Jónsson dómarastjóri til Reyðarfjarðar og voru með fyrirlestra í knattspyrnuakademíu Fjarðabyggðar.

### Að lokum

Grasrótastarf er að mínu mati eitthvert það mikilvægasta sem sinnt er á vettvangi KSÍ. Þar er höfð að leiðarljósi sú meginregla að knattspyrna sé fyrir alla óháð staðsetningu, kyni, aldri, getu eða líkamlegu atgervi. Það er engin tilviljun að knattspyrna er ein vinsælasta íþrótt í heimi og það er skylda okkar að kynna þessa frábæru íþrótt eins víða og unnt er. Því er mikilvægt að framvarðasveit knattspyrnunnar á Íslandi, KSÍ, geri allt sem í hennar valdi stendur til þess að allir fái notið þessarar frábæru íþróttar. Sparkvallaátak KSÍ er líklega jákvæðasta skref sem stigið hefur verið innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og af því eigum við öll að vera stolt og því eigum við að fylgja rækilega eftir.

Nú er komið að leiðarlokum hjá mér innan stjórnar KSÍ en ég mun láta af stjórnarsetu á ársþingi KSÍ í upphafi árs 2010. Ég vil þakka öllum þeim sem komu að starfi útbreiðslunefndarinnar með einum eða öðrum hætti. Starfsfólki á skrifstofu KSÍ er þakkað samstarf og samvinna undangengin átta ár. Sérstakar þakkir fá nefndarmenn og ekki síður starfsmenn grasrótarnefndarinnar þeir Guðlaugur K. Gunnarsson og Dagur S. Dagbjartsson sem hafa sýnt ótrúlegan dugnað við þetta frumkvöðlastarf, hafi þeir heila þökk fyrir.

*Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður*

## Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1995

Félag	Nafn
Afturelding	Sigurður Friðriksson
Austri	Snæþór Ingi Jósepsson
Álftanes	Jón Ólafur Magnússon
BÍ	Skúli Pálsson
Breiðablik	Páll Olgeir Þorsteinsson
Dalvík	Hafsteinn Máni Guðmundsson
FH	Dagur Lárusson
Fjölnir	Hilmar Jóhannsson
Fram	Benedikt Októ Bjarnason
Fylkir	Daníel Ingi Gunnarsson
Grindavík	Hákon Ívar Ólafsson
Gróttá	Sæmundur Ólafsson
Grundarfjörður	Sigurbjörn Bjarnason
Haukar	Daníel Þór Ingason
Haukar	Haukur Björnsson
HK	Kristófer Eggertsson
Huginn	Erling Arnar Erlingsson
Höttur	Steinar Aron Magnússon
ÍA	Indriði Þorláksson
ÍBV	Jón Ingason
ÍR	Stefán Þór Pálsson
KA	Gunnar Torfi Steinarsson
Keflavík	Elías Már Ómarsson
KFR	Sindri Rúnarsson
Kormákur	Sigurvin Dúi Bjarkason
KR	Enok Ingbórsson
KS	Bjarni Mark Duffield
Leiknir F.	Fannar Bjarki Pétursson
Leiknir R.	Friðjón Magnússon
Magni	Jakob Þór Þórðarson
Njarðvík	Hákon Þór Harðarson
Reynir S.	Kristinn Snær Bjarnason
Samherjar	Kristján Hjalti Sigurðsson
Selfoss	Haukur Ingi Gunnarsson
Sindri	Eiríkur Snær Jóhannesson
Skallagrímur	Anton Freyr Arnarson
Snæfell	Arnar Þór Hafsteinsson
Stjarnan	Þorri Geir Rúnarsson
Tindastóll	Hólmar Daði Skúlason
Valur	Haukur Ásberg Hilmarsson
Valur Reyðarf.	Birkir Einar Gunnlaugsson
Víðir	Júlíus Rúnar Guðmundsson
Víkingur Ó.	Sindri Sigurðsson
Víkingur R.	Steinar Ísaksson
Völsungur	Bjarki Þór Jónasson
Þróttur N.	Bergsteinn Pálsson
Þróttur R.	Sveinn Andri Bjartmarsson
Ægir	Svavar Berg Jóhannsson

## Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1995

Félag	Nafn
Afturelding	Telma Þrastardóttir
Austri	Ragnhildur Sævarsdóttir
Álftanes	Agnes María Ásmundsdóttir
BÍ	Hildur Hálfánardóttir
Breiðablik	Ella Dís Thorarensen
FH	Viktoría Valdís Guðrúnardóttir
Fjölnir	Ólöf Björk Vilhelmsdóttir
Fylkir	Laufey Þóra Borgþórsdóttir
Grindavík	Elísabet Ósk Gunnþórsdóttir
Grundarfjörður	Ólöf Kristjánsdóttir
Haukar	Lára Rut Sigurðardóttir
HK	Rakel Lind Ragnarsdóttir
Huginn	Þórdís Guðmundsdóttir
Höttur	Fannís Ó. Björnsdóttir
ÍA	Eyrún Eiðsdóttir
ÍBV	María Davis
ÍR	Viktoría Hrönn Axelsdóttir
KA	Lára Einarsdóttir
Keflavík	Heiðrún Sjöfn Þorsteinsdóttir
KR	Hrafnhildur Fannarsdóttir
KS	Jóhanna Kristín Jóhannsdóttir
Leiftur	Arndís Lilja Jónsdóttir
Leiknir F.	Sunna Valsdóttir
Leiknir R.	Rakel Ýr Einarsdóttir
Magni	Jenný Mirra Ringsted
Selfoss	Kristín Elísabet Skúladóttir
Sindri	María Selma Haseta
Skallagrímur	Björk Lárusdóttir
Snæfell	Helena Hrannarsdóttir
Stjarnan	Vilborg María Carlsdóttir
Tindastóll	Hildur Hrönn Albertsdóttir
Valur	Elín Metta Jensen
Valur Reyðarf.	Rakel Dís Björnsdóttir
Víðir	Kristín Ýr Hólm
Víkingur Ó.	Kristfríður Rós Stefánsdóttir
Víkingur R.	Hugrún Friðriksdóttir
Völsungur	Ásrún Ósk Einarsdóttir
Þór	Sigrún Ösp Aðalsteinsdóttir
Þróttur N.	Unnur Ólöf Tómasdóttir
Þróttur R.	Gunnhildur Ásmundsdóttir
Ægir	Eva Lind Elíasdóttir



# Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2009: Lúðvík S. Georgsson formaður, Ásthildur Helgasdóttir, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson, Rúnar Arnarson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson.

Nefndin hélt alls 10 bókaða fundi á starfsárinu. Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

Unnið var að nýjum bæklingi um uppbyggingu og viðhald grasvalla. Aðalhöfundur bæklingins er Bjarni Þór Hannesson grasvallafræðingur, sem vann hann fyrir mannvirkjanefnd KSÍ og Samtök Íþróttá- og golfvallastarfsmanna á Íslandi. Í bæklingnum er farið yfir grunnþætti í uppbyggingu og viðhaldi knattspyrnuvalla, til að gefa þeim sem fást við þetta betri innsýn í verkefni sitt og gera þeim auðveldara að leita sér frekari þekkingar.

Seinni hluta ársins byrjaði nefndin jafnframt vinnu að bæklingi um knattspyrnuleikvanga á Íslandi, þar sem ætlunin er að fram komi í texta og á myndrænan hátt helstu upplýsingar um þá þætti sem knattspyrnuleikvangur þarf að uppfylla á Íslandi. Tilgangurinn er að draga saman á einn stað lykilupplýsingar úr reglugerðum KSÍ og UEFA fyrir þá sem eru að huga að nýframkvæmdum eða endurbótum á þessu sviði.

Báðir ofangreindir bæklingar koma út í febrúar 2010.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaðan er ófullnægjandi.

Nefndin kemur áfram að tilraunaverkefni um upphitun valla sem Landbúnaðarháskólinn kom á lagginnar á árinu 2008 og stýrir. Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur og KSÍ.

Norræna mannvirkjaráðstefnan, sem haldin er annað hvert ár, var að þessu sinni haldin í Þórshöfn í Færeyjum, og tóku þrír fulltrúar frá KSÍ þátt í henni. Ráðstefnan tókst vel þrátt fyrir að veðurguðirnir gripu hressilega inn í dagskrána með því að tefja komu meirihluta fulltrúa frá Skandinavíu um einn dag. Einkum var rætt um knattspyrnugras og kom verulega á óvart hve þróunin er hröð í efstu deildum í nágrannalöndum okkar í þá átt að knattspyrnugras sé notað til keppni. Nánast allar nýir knattspyrnuvellir í Noregi eru lagðir knattspyrnugrasi, og er nú um helmingur valla í tveimur efstu deildum karla með knattspyrnugrasi. Í Svíþjóð er um þriðjungur valla í sömu deildum með knattspyrnugrasi.

Tekið var þátt í tveimur fundum á vegum FIFA um knattspyrnugras, þar sem kynnt var staða mála varðandi staðla og þróun í þessum málaflokki. FIFA hefur sýnt verulegan vilja í þá átt að undanfögnu að leita nánara samstarfs við Norðurlöndin um þetta.

Auk ofangreinds hefur nefndin verið til ráðgjafar félögum og sveitarfélögum v. framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum, og stjórn KSÍ við úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ.

Undirritaður vill að lokum þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á árinu.

*Lúðvík S. Georgsson, formaður*

## Heiðursviðurkenningar

### Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

Viðurk.	Nafn	Félag	Viðurk.	Nafn	Félag
Gull	Svanur M Gestsson	Afturelding	Silfur	Sigurður Enoksson	Grindavík
Gull	Benedikt Steingrímsson	FH	Silfur	Svanur Sigurðsson	Grindavík
Gull	Guðmundur Árni Stefánsson	FH	Silfur	Þorgeir Jósefsson	ÍA
Gull	Ingvar Viktorsson	FH	Silfur	Einar Aðalbjörnsson	Keflavík
Gull	Kristinn Jóhannesson	FH	Silfur	Einar Haraldsson	Keflavík
Gull	Aðalgeir Jóhannsson	Grindavík	Silfur	Falur Daðason	Keflavík
Gull	Bjarni Andrússon	Grindavík	Silfur	Hjörleifur Stefánsson	Keflavík
Gull	Eiríkur Tómasson	Grindavík	Silfur	Jóhann Gunnarsson	Keflavík
Gull	Gunnar Tómasson	Grindavík	Silfur	Jón Örvar Arason	Keflavík
Gull	Gunnar Vilbergsson	Grindavík	Silfur	Ólafur Bjarnason	Keflavík
Gull	Haukur Hafsteinsson	Grindavík	Silfur	Smári Helgason	Keflavík
Gull	Hermann Ólafsson	Grindavík	Silfur	Zoran Ljubicic	Keflavík
Gull	Jón H Gíslason	Grindavík	Silfur	Þorgrímur Hálfðánarson	Keflavík
Gull	Pétur H Pálsson	Grindavík	Silfur	Þórður Þorbjörnsson	Keflavík
Gull	Ragnar Ragnarsson	Grindavík	Silfur	Þórólfur Þorsteinsson	Keflavík
Gull	Sigurður Gunnarsson	Grindavík	Silfur	Ásta Jónsdóttir	KR
Gull	Sigurður Guðjónsson	Grindavík	Silfur	Birgir Guðjónsson	KR
Gull	Willard Fiske Ólason	Grindavík	Silfur	Birgir Harðarson	KR
Gull	Svavar Sigurðsson	ÍA	Silfur	Bogi Ágústsson	KR
Gull	Árni Sigfússon, bæjarstjóri	Keflavík	Silfur	Einar Sigurðsson	KR
Gull	Jóhannes Ellertsson	Keflavík	Silfur	Gísli Arason	KR
Gull	Jón Olsen	Keflavík	Silfur	Guðjón B Hilmarsson	KR
Gull	Magnús Haraldsson	Keflavík	Silfur	Gunnar Jóhannsson	KR
Gull	Þorsteinn Erlingsson	Keflavík	Silfur	Höskuldur Höskuldsson	KR
Gull	Arna Steinsen	KR	Silfur	Jóhann Hákonarson	KR
Gull	Gunnar Felixson	KR	Silfur	Jónas Sigurðsson	KR
Gull	Hreiðar Ársælsson	KR	Silfur	Kristinn Jakobsson	KR
Gull	Hörður Felixson	KR	Silfur	Kristinn Kjærnested	KR
Gull	Stefán Haraldsson	KR	Silfur	Lúðvík J Jónsson	KR
Gull	Örn Steinsen	KR	Silfur	Páll Sævar Guðjónsson	KR
Gull	Júlíus Jónasson	Reynir S.	Silfur	Rúnar Kristinsson	KR
Gull	Óskar Gunnarsson	Reynir S.	Silfur	Sigríður Pálsdóttir	KR
Gull	Reynir Þór Ragnarsson	Reynir S.	Silfur	Steinþór Guðbjartsson	KR
Gull	Sigurður Jóhannsson	Reynir S.	Silfur	Þorlákur Björnsson	KR
Gull	Sigurður Valur Ásbjarnarson	Reynir S.	Silfur	Bergþór Friðbjólfsson	Reynir S.
Gull	Hjálmar Baldursson	Þróttur R.	Silfur	Guðjón Bragason	Reynir S.
Gull	Kristinn Einarsson	Þróttur R.	Silfur	Guðjón Ólafsson	Reynir S.
Gull	Sigurður Kr Sveinbjörnsson	Þróttur R.	Silfur	Júlía Stefánsdóttir	Reynir S.
Silfur	Bjarki Már Sverrisson	Afturelding	Silfur	Ólafur Þór Ólafsson	Reynir S.
Silfur	Bóel Kristjánsdóttir	Afturelding	Silfur	Pétur Brynjarsson	Reynir S.
Silfur	Einar Guðmundsson	Afturelding	Silfur	Sigursveinn Jónsson	Reynir S.
Silfur	Hanna Símonardóttir	Afturelding	Silfur	Þórdís Stefánsdóttir	Reynir S.
Silfur	Regína Úlfarsdóttir	Afturelding	Silfur	Kristmar Ólafsson	Skallagrímur
Silfur	Ríkharður Jónsson	Afturelding	Silfur	Eiríkur Helgason	UMFS
Silfur	Valur Steingrímsson	Afturelding	Silfur	Gísli Bjarnason	UMFS
Silfur	Heimir Guðjónsson	FH	Silfur	Guðmundur Heiðar Jónsson	UMFS
Silfur	Ólafur Guðmundsson	FH	Silfur	Halldóra Jóhannsdóttir	UMFS
Silfur	Steinar Stephensen	FH	Silfur	Hólmfríður Jónsdóttir	UMFS
Silfur	Ágúst Ingólfsson	Grindavík	Silfur	Jón Örvar Eiríksson	UMFS
Silfur	Einar Jón Ólafsson	Grindavík	Silfur	Jónas Baldursson	UMFS
Silfur	Guðmundur Pálsson	Grindavík	Silfur	Rósa Ragúels	UMFS
Silfur	Helgi Bogason	Grindavík	Silfur	Stefán Steinsson	UMFS
Silfur	Hilmar Knútsson	Grindavík	Silfur	Þórir Áskelsson	UMFS
Silfur	Hjálmar Hallgrímsson	Grindavík	Silfur	Ágúst Tómasson	Þróttur R.
Silfur	Ingólfur Júlíusson	Grindavík	Silfur	Finnbogi Hilmarsson	Þróttur R.
Silfur	Jón Guðmundsson	Grindavík	Silfur	Guðmundur V Óskarsson	Þróttur R.
Silfur	Kristinn Jóhannsson	Grindavík	Silfur	Guðný Soffía Marinósóttir	Þróttur R.
Silfur	Milan S Jankovic	Grindavík	Silfur	Haukur Magnússon	Þróttur R.
Silfur	Pálmi Ingólfsson	Grindavík	Silfur	Rúnar Már Sverrisson	Þróttur R.
Silfur	Ragnar Eðvarðsson	Grindavík	Silfur	Stefán Laxdal Aðalsteinsson	Þróttur R.
Silfur	Rúnar Sigurjónsson	Grindavík			

## **Kærur og úrskurðir**

**Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá á vef KSÍ undir**

***<http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/>***